# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 17

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

26.0
1901.

Þvottalaugarnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RANNSÓKNIR STJÓRNARINNAR TIL UNDIRBÚNINGS
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.
K. Zimsen,
Ingeniør.

# Þvottalaugarnar við Reykjavík.

—

## 1. Þvottahúsin.

Í gamla húsið skal setja nýtt gólf úr steinsteypu, er sje 6" á þykkt og hallist frá báðum hliðum að miðju, en þar skal gjöra ræsi eptir endilöngu húsinu. Skal ræsi þetta hallast frá báðum endum að miðju, en þaðan ræsi vestur úr húsinu að safngryfju þeirri, sem er þar fyrir. Ræsið skal vera 12" á breidd og 3-6" á dýpt. Áður en nýja gólfið er steypt skal höggva upp gamla steingólfið að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til þess, að gamla og nýja steypan myndi eina heild.

Gólfið í nýja húsið skal einnig gjöra úr sementssteypu og skal það hallast frá báðum hliðum að ræsi, sem liggur eptir endilöngu húsinu að safngryfju við norðurenda hússins, en frá safngryfjunni skal gjöra ræsi norður í læk.

Safngryfjuna skal gjöra úr sementssteypu, en efst skal leggja höggvinn stein, er nái 6" yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RANNSÓKNIR STJÓRNARINNAR TIL UNDIRBÚNINGS
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.
K. Zimsen,
Ingeniør.

jarðveginum. Loka skal safngryfjunni með trje-hlemmi, er felldur sje niður í höggna steininn. -Str. mynd i-k á uppdrættinum-.

## 2. Þvottalangarnar.

Neðri langina (A) skal hlaða upp úr höggnu grjóti, líkt og er, en þannig að efri brún hleðslunnar sje aðeins 3" yfir vatnsborðið í langinni, í stað 9". Ofaná hleðsluna skal leggja planka 12" á breidd en 3" á þykkt og festa þá með galvaniseruðum járn-boltum. Milli þessara bakkastokka skal setja sí-vala bogadregna járnteina með 15" millibili. Skulu teinar þessir festir innan á bakkastokkanan, en milli þeirra skulu liggja tvö langbönd, sem við efri enda langarinnar skal beygja niður að bakkastokknum fyrir enda langarinnar. Við efri enda langarinnar beygist hún lítið suður á við og á þessum kafla skal ekki leggja bakkastokka nje bogadregin járn-bönd, heldur beina járnteina er festir sjeu í steininum (str. c-d á uppdr.). Skal allt þetta járn-rið gjört úr galvaniseruðu járni 3/4" að þvermáli.

Meðfram bakkastokkunum skal gjöra stjett úr sementssteypu, en á tak við stjettina [illegible], er hallist að lækinum fyrir neðan langina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RANNSÓKNIR STJÓRNARINNAR TIL UNDIRBÚNINGS
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.

K. Zimsen,
Ingeniør.



Til varnar því, að lækurinn í rigningum flæði inn í langina skal gjöra varnargarð úr högg-un grjóti, en lækjarfarvegurinn grafinn niður norð-antil við garðinn. Milli varnargarðsins og ræsi þess, er áður var nefnt skal vera púkklagður vegur. (Sjá uppdr.)

~~Neðri~~ Efri langina (B) skal útbúa eins og hina neðri með bakkastokkum, járnviði, ~~steinstjett~~ og ræsi og á bak við ræsið ~~skal~~ vera púkklagður vegur (sjá uppdr.)

3. Lækurinn.

Eins og áður er getið skal hjá neðri lang-inni gjöra garðspotta og færa farveginn norður á við. Hjá efri langinni skal hlaða upp lækjar-bakkann á kafla og hjer skal gjöra lítilfjörlega brú (g-h) yfir lækinn, en steina þá, sem nú eru not-aðir í stað brúar skal burt taka. - Allur lækjar-farvegurinn skal hreinsaður og dýpkaður lítið eitt á þeim kafla, sem sjest á uppdrættinum.

4. Svæðið kringum húsin.

Öll þau ræsi, sem ekki verða framvegis notuð skal afnema og sömuleiðis vegaspo[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RANNSÓKNIR STJÓRNARINNAR TIL UNDIRBÚNINGS
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.
K. Zimsen,
Ingeniør.

við gamla húsið. Allt svæðið skal jafnað og lagað, þannig að það hallist frá húsunum sumpart að læknum og sumpart að skurðinum vestanvert við húsin. Skurð þenna skal lengja eins og sýnt er á uppdrættinum og allan skurðinn skal laga og hreinsa. Síðan skal pikkleggja allt þetta svæði vel og vandlega, en svæðið á milli syjja hússins og neðri laugarinnar skal helst steinlagt. Á uppdrættinum er þetta svæði afmarkað með rauðum depluðum línum.

—

Með umbótum þeim, er nú hafa nefndar verið, verður það gjört hættuminna að þvo í laugunum, þótt aldrei verði það hættulaust, meðan ekki er byggt alveg yfir laugarnar. Bleytan og óhreinlætið kringum húsin og laugarnar hverfur og vatnið í læknum verður hreinna, en nú, þar sem skólpið hreinsast að mun í safngryfjunum. Jeg skal geta þess, að það væri æskilegt að gjöra safngryfju úr sementssteypu einnig við gamla húsið, í stað þeirrar gryfju, sem þar er nú. Vatnið í læknum verður aldrei alveg hreint meðan skolað er í sjálfum laugunum og þess vegna álít jeg það ekki nauðsynlegt að leiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V.

Rannsóknir stjórnarinnar til undirbúnings
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.
K. Zimsen,
Ingeniør.

vatnið frá þvottahúsunum út í mýri. Það mundi líka verða kostnaðarsamt, þar sem mýrin hallast mikið niður að læknum og skurður því yrði að vera mjög djúpur. Hygg jeg að kostnaður við það yrði 800–1000 krónur og gæti hann jafnvel orðið meiri, þarsem það er órannsakað hvað djúpt er niður að klöpp. – Bezta og ódýrasta ráðið til að fá hreint vatn í sundlaugina tel jeg að setja sía úr smásteinum og sandi rjett fyrir ofan hana.

Reykjavík 26. ág. 1901.

K. Zimsen

Fylgir uppdráttur og kostnaðaráætlun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

RANNSÓKNIR STJÓRNARINNAR TIL UNDIRBÚNINGS
KLÆÐAVERKSMIÐJU
Á ÍSLANDI.
K. Zimsen,
Ingeniør.

Áætlun um kostnað
við umbætur á þvottalaugunum við Reykjavík.

—

| | |
|---|---|
| Gólf í gamla þvottahúsið . . . . . . . . . . | kr. 250,00 |
| Afrensli frá nýja þvottahúsinu . . . . . | 80,00 |
| Aðgjörð á efri lauginni . . . . . . . | 200,00 |
| —— nedri —— . . . . . . | 200,00 |
| Varnargarður . . . . . . . . . . | 325,00 |
| Járnrið yfir báðar laugarnar . . . . | 160,00 |
| Brú yfir lækinn . . . . . . . . | 35,00 |
| Dýpkun á læknum og gröftur á skurði . . . | 50,00 |
| Fyrir að laga og þikka svæðið í kringum þvottahúsin og laugarnar . . . . | 300,00 |
| Fyrir að steinleggja svæðið milli nýja þvottahússins og neðri laugarinnar . | 200,00 |
| Alls | kr. 1800,00. |

Reykjavík 26. ág. 1901.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.0
1913

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. mai 1913.

922.

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að fela yður, herra bæjarverkfræðingur, að gjöra i samráði við fátækranefndina uppdrátt að íbúðarhúsi fyrir 20- 30 fátækar fjölskyldur og áætlun um hve mikið slik bygging muni kosta.-

Jafnframt þvi tilkynna yður þetta óska jeg viðtals við yður um þetta og er það ætlun min, að uppdrátturinn og áætlunin verði tilbúin ekki siðar en i öndverðum september næstkomandi.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. maí 1913.

922.

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að fela yður, herra bæjarverkfræðingur, að gjöra í samráði við fátækranefndina uppdrátt að íbúðarhúsi fyrir 20- 30 fátækar fjölskyldur og áætlun um hve mikið slík bygging mundi kosta.-

Jafnframt því tilkynna yður þetta óska jeg viðtals við yður um þetta og er það ætlun mín, að uppdrátturinn og áætlunin verði tilbúin ekki síðar en í öndverðum september næstkomandi.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. mai 1913

513

Bæjarstjórnin hefur samþykkt á siðasta fundi að gamla slökkvitólahúsið við Templarasund skuli rifið niður fyrir 11. júni næstkomandi og er þvi hjer með lagt fyrir yður,herra bæjarverkfræðingur að sjá um að það verði gjörteptir nánara samráði við mig.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur